



Ávarp formanns

Samstaða og baráttuandi einkenndi starfsár FOSS 2023 sem var viðburðaríkt – jafnvel enn viðburðaríkara en við áttum von á þegar við höfum undirbúning kjarasamninga haustið 2022.

Kjarasamningsviðræðurnar við ríki og sveitarfélög stóðu frá desember 2022 og síðustu samningarnir voru undirritaðir í júní 2023. Samið var til eins árs eða mars 2023. Vinna við gerð nýrra kjarasamninga stendur enn yfir og er verið að vinna að 4 ára samningi.

Kjarasamningsviðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga endaði í hörðum hnút þegar ljóst varð að sveitarfélögin neituðu að leiðrétta augljóst launamisrétti okkar félagsfólks gagnvart fólki í sömu eða sambærilegum störfum. Okkur fannst fjarstæðukennt að það þyrfti að grípa til verkfalla til að knýja fram svo sjálfsagða réttlætiskröfu en það varð niðurstaðan.

Verkfallsaðgerðirnar náðu til um 2500 félagsfólks í 30 sveitarfélögum og áhrifanna gætti víða. Það sem stendur upp úr á þessu ári er hugrekkið, baráttuþrekið og samstaða okkar fólks sem vakti athygli á baráttunni með margvíslegum hætti, svo sem með því að mótmæla fyrir utan bæjarskrifstofur, halda ræður, skrifa greinar, halda og mæta á samstöðufundi, vekja athygli á sameiginlegri auglýsingaherferð (oft með mjög skapandi hætti) og svo mætti lengi telja Samfélagið allt stóð líka sterkt með verkfallsfólki enda vita þau sem er, að þau eru ómissandi !

Stuðningurinn birtist meðal annars í því að foreldrar leikskólabarna skipulögðu kröftug mótmæli, skrifuðu greinar og vöktu athygli á málinu á samfélagsmiðlum. Það er ómetanlegt og leiddi til kjarasamninga þar sem markmið okkar náðust að mestu leyti.

Landsfundur stéttarfélaga bæjarstarfsmanna var haldinn á haustdögum. Í ár voru lögð drög að sameiginlegum málum kjaraviðræðna og farið yfir 5 ára endurskoðun starfsmatsins

Í desember var öllum formönnum stéttarfélaga boðið í kaffi að Bessastöðum þar sem forseti Íslands, Guðni Th Jóhannesson, tók á móti hópnum.



Kæru félagar, enn eitt starfsárið liðið. Það er okkur öllum ljóst að félagsfólk okkar teljast til framlínu starfsmanna, það kom bersýnilega fram í verkfallinu.

Ég vil þakka meðstjórnendum, nefndarmönnum og starfsmanni fyrir óeigingjörn störf í þágu félagsins. Síðast en ekki síst þakka ég ykkur öllum, félagsmenn góðir, ánægjulegt og gott samstarf á liðnu starfsári

Munið að þið eruð félagið.

Fyrir hönd stjórnar óska ég ykkur góðs gengis í ykkar störfum og hlakka til áframhaldandi starfa með ykkur.

FOSS

Stofnfundur Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi var haldinn 31. maí 1973.

Stofnfélagar voru 28 talsins frá 5 sveitarfélögum. Þau voru Selfoss, Stokkseyri, Eyrarbakki, Ölfus og Hveragerði. Skömmu seinna bættust starfsmenn Sjúkrahúss Suðurlands við.

Árið 1979 klauf Starfsmannafélag Selfoss sig út úr FOSS. Árið 1988 gekk starfsmannfélag Austur-Skaftafellssýslu í félagið og í ágúst 2008 sameinaðist starfsmannfélag Árborgar FOSS sem áður hét Starfsmannafélag Selfoss.

Félagssvæðið er frá sveitarfélaginu Ölfus í vestur og austur á Höfn í Hornafirði ásamt uppsveitum Árnessýslu og Hveragerði. Auk þess starfa félagsmenn FOSS á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Fjölbrautaskóla Suðurlands og nokkrum sjálfseignastofnunum á svæðinu

Konur eru í miklum meiri hluta og teljast 900 á meðan fjöldi karla er 296 og kynsegin 1. Aldursdreifingin er frekar jöfn, 65% yngri en 50 og 35% eldri. Einnig eru um 155 mann í lífeyrsdeild FOSS.



Stjórn FOSS

Skipulagðir fundir stjórnar eru 11 á ári og oftast ef þurfa þykir.

Stjórn FOSS hélt 16 fundi á árinu 2023. Stjórnarfundir eru alla jafna haldnir á skrifstofu FOSS. Einn vinnufundur er í upphafi starfsárs. Þar fer stjórnin yfir stefnu og samþykktir félagsins, leggur grunn að starfinu fram að næsta aðalfundi og gerir tímasettar áætlanir um það sem gera skal.

Stjórnin hefur einnig nýtt sér rafrænar þátttökuleiðir þegar svo ber undir og halda Teamsfundi þegar verkefni hafa kallað á slíkt fyrirkomulag. Stjórn FOSS er skipuð fólki með fjölbreytta reynslu og speglar starfsstéttir félagsins. Stjórnina skipa 7 manns og skiptist það þannig að 5 koma frá sveitarfélögum, einn frá ríkinu og svo formaður.

Stjórnina skipa: Árný Erla Bjarnadóttir formaður, Birna Kjartansdóttir varaformaður, Elva Björk Árnadóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Sigurjón Pétur Guðmundsson og Svala Ósk Sævarsdóttir.



Kjarasamningar

Kjarasamningar aðildarfélaga BSRB við sveitarfélögin runnu út 31. mars 2023.

Samningseiningar bandalagsins hófu undirbúning fyrir gerð kjarasamninga á haustmánuðum 2022. Formenn aðildarfélaga ræða og taka ákvörðun um þau mál sem félögin vilja sameina kröfur sínar um og BSRB fer þá fyrir ásamt því að skiptst er á upplýsingum um undirbúning, gang viðræðna og áherslur aðildarfélaganna. Í ljósi þess að horft var til gerð skammtímakjarasamninga var ljóst að fresta þurfti umræðu um önnur mál en þau kjör sem brýnast var að bæta. Kröfurnar snéru að því að hækkan launa, desember- og orlofsuppbótar og smávægilegar betrubætur í vaktahvata ásamt stórhátíðarálagi vaktavinnufólks.

Á síðustu dögum mars mánaðar náðist samkomulag við ríkið. Hins vegar slitnaði upp úr samingaviðræðum við Samaband íslenskra sveitarfélaga og var kjaradeilunni vísað til ríkissáttasemjara þann 4. apríl.

Deilan snerist í kjarnann um að nýr kjarasamningur þyrfti að endurspegla þá launamismunun sem starfsfólk BSRB félaga hj+á sveitarfélögum varð fyrir í byrjun árs 2023 vegna mismunandi gildistíma samninga. Félagsfólk gat ekki sætt sig við að fólk sem vinnur sömu eða sambærileg störf, jafnvel inni á sömu vinnustöðum ætti að fá 25% minni launahækkun en þau.



Þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga neitaði að verða við þeirri kröfu var farið í atkvæðagreiðslur um verföll víðsvegar um landið auk herferðar til að knýja sveitarfélög landsins að borðinu.

Stígandi var í verföllum með hverri vikunni sem leið en þau stóðu yfir frá 15. maí til 10. júní þegar kjarasamningar voru loks undirritaðir.

Verkfallsaðgerðir voru víðtækar en þær náðu alls til 2500 félaga í 30 sveitarfélögum. Starfsólk í leikskólum, grunnskólum, höfnum, sundlaugum, íþróttamannvirkjum, þjónustumiðstöðvum, bæjarskrifstofum, áhaldahúsum og fleiri vinnustöðum lögðu niður störf. Áhrif verkfallanna gætti á að minnsta kosti 150 starfsstöðvum um allt land. Ekki var gripið til verkfallanna af léttúð heldur til að knýja fram kröfur gagnvart sveitarfélögum landsins neituðu að leiðrétta launamisrétti gagnvar starfsfólki sínu.

Jöfnun launa milli markaða sem samið var um í kjarasamningum árið 2016 þegar lífeyrisréttindi á almenna og opinbera markaðnum var samræmdur heldur áfram. Starfshópur skipaður fulltrúum allra samningsaðila sér um greiningarvinnuna.

Trúnaðarmannaráð

Trúnaðarmannaráð mynda stjórn FOSS og 50 trúnaðarmenn af öllu félagssvæðinu.

Hlutverk trúnaðarmanns felst m.a í því að gæta hagsmuna félagsmanna FOSS á vinnustað, miðla upplýsingum á milli félagsmanna og FOSS og gæta þess að kjarasamningar séu virtir. Hlutverkið er bæði fjölbreytt og gefandi og felur í sér tækifæri til að bæta við sig þekkingu og reynslu. Trúnaðarmenn eru helsta tengingin við vinnustaðina, störf þeirra eru því afar mikilvægt grasrótastarf.

Framtíðarnefnd BSRB hefur m.a snúist um að skipuleggja vinnustofu um trúnaðarmannafræðslu þar sem fjallað verður um færnipörf og þróun hennar meðal félagsfólks aðildarfélaga. Vinnustofan verður á þann hátt að aðildarfélög fá úthlutað fjölda þátttakenda eftir félagastærð. Verkefnastjóri mun vinna með þátttakendum að mótun fræðslunnar eins og þeir vilja sjá hana.

FOSS hefur haft það að markmiði að halda fjölbreytta trúnaðarmannafundi þar sem reynt er að hafa puttann á púlsinum og fjalla um þjóðfélagsmál sem og málefni félagsins fyrir utan kjara og réttindamál hins vinnandi manns.

Vinnustaðafundir

Félagið leggur mikla áherslu á að eiga gott samtali við félagsmenn. Á þessum fundum er farið yfir réttindamál, fræðslumál og orlofsmál. Margar spurningar og umræður myndast á þessum fundum sem e.t.v næðu ekki til félagsins annars. Þarna er líka vettvangur fyrir félagsmenn að koma sínum skoðunum á framfæri um þjónustu og vinnu félagsins, við fögnum allri uppbyggilegri gagnrýni og viljum bregðast við henni eins og best við getum

Skrifstofan

Skrifstofa félagsins er til húsa að Eyravegi 27 á Selfossi

Reynsla síðasta árs hefur sýnt og sannað hversu mikilvæg þjónusta skrifstofa FOSS er fyrir félagsfólk. Félagfólk er duglegt að leita til starfsfólks skrifstofunnar með hin ýmsu mál og spurningar. Mikilvægt er að félagfólk hafi samband um leið og spurningar vakna svo hægt sé að leysa málefni sem fyrst. Aðstoð og ráðgjöf við einstaklinga hefur komið vel út í þjónustukönnunum sem gerðar hafa verið, sem undirstrikar hversu mikilvægt það er félagfólki að eiga bakland í sterku stéttarfélagi. Starfsmenn á skrifstofa eru Árný Erla Bjarnadóttir og Rakel Þórðardóttir. Þær taka öllum ábendingum um hvað betur megi fara alvarlega og kappkosta að veita góða þjónustu og leysa úr erindum félagsmanna svo vel sem kostur er.



Heimasíða og prentað efni

Ný heimasíða verður tekin í notkun á næstu dögum. Á hún að einfalda notendum hvort sem þeir eru í tölvu eða sínum. Við bindum miklar vonir við að hún verði notendavænni en verið hefur.

Á heimasíðunni koma fram helstu upplýsingar eins og lög og reglugerðir félagsins, kjarasamningar, orlofsmál, Fræðslusjóður og Styrktarsjóður BSRB.

Heimasíðan tekur yfir ýmis konar útgáfu sem áður var send til félagsmanna.

Gagnvirk umsóknareyðublöð eru á síðunni til að sækja um í orlofs- styrktar- og fræðslusjóði félagsins. Þarf að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum á þessar síður. Orlofsbæklingur og Spánarblað hafa verið gefnir út ásamt kjarasamningum en þar sem félagið þarf að huga að umhverfismálum er líklegt að þessir bæklingar verði eingöngu á heimasíðu félagsins í framtíðinni.

Tölvupóstfangið er: foss@foss.bsrb.is

Þá er að nefna facebook síðu FOSS. Er hún einkum notuð fyrir fréttatilkynningar.

Slóðin er: <http://facebook.com/fossst>.

Fræðslusjóður

Fulltrúar í Fræðslusjóði FOSS eru kosnir á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn.

Einn fulltrúi er kosinn af stjórn félagsins og gegnir hann jafnframt formennsku.

Fræðslusjóður veitir einstaklingsstyrki sem félagsmenn geta sótt um þegar þeir fara á námskeið. Samkvæmt úthlutunarreglum í dag er veittur styrkur fyrir öll nám/námskeið. Við bendum félagsfólki á að lesa úthlutunarreglur og kynna sér rétt sinn.

Alls voru afgreiddar 224 umsóknir úr sjóðnum árið 2023. Langflestar umsóknir voru vegna háskólanáms, þar á eftir vegna námskeiða af ýmsum toga svo framhaldsskólamenntunar.

Fulltrúar sjóðsins sjá um úthlutun úr sjóðnum og framkvæmd úthlutunarreglna. Vísindasjóður háskólamanna er vistaður hjá Fræðslusjóði. Endurmenntun stjórnar og trúnaðarmanna FOSS heyrir einnig undir sjóðinn.

Félagsfólki FOSS stendur til boða fjöldi áhugaverðra námskeiða endurgjaldslaust hjá Starfsmennt fræðslusetri. Ástæða er til að hvetja félagsfólk til að nýta sér námskeiðin sem bæði eru vef- og staðarnámskeið, stutt, hnitmiðuðu og fræðandi eða lengri námsleiðir.

Upplýsingar um námskeiðin eru á www.smennt.is

Mannauðssjóður

Mannauðssjóður er starfsmenntunarsjóður sem starfar á grundvelli

kjarasamninga. Sjóðurinn veitir ekki einstaklingsstyrki. Sjóðurinn er til fyrir stofnanir sveitarfélaga þegar senda á starfsmenn á námskeið hvort sem er innan- eða utanlands.

Heildarupphæð sem úthlutað var úr sjóðnum árið 2023 var 61.251.378 kr. Af þeim fjármunum voru 73% vegna náms- og kynnisferða erlendis (þ.m.t ráðstefnur) eða um 44.822.852 krónur.

Alls var úthlutað 315.365 kr. Vegna náms- og kynnisferða innanlands (þmt ráðstefnur) Um 24% af úthlutunarupphæðinni í heild voru vegna samstarfssamnings við fræðslusetrið Starfsmennt og vegna fræðslutengdra verkefna sveitarfélaga. Tvö sveitarfélög fengu úthlutað styrkjum vegna verkefnisins Fræðsustjóri að láni að upphæð 955.104 kr samanlagt.

Fjárframlög í sjóðina hafa ekki breyst undanfarin ár og greiða sveitarfélögin 0,2% í þá. Ásókn í sjóðina hefur farið vaxandi síðustu misseri með verulegri fjölgun umsókna vegna náms- og kynnisferða erlendis. Heildarinnkoma Mannauðssjóðs

Samflots á ársgrundvelli er í kringum 33 milljónir króna. Styrkloforð sjóðanna árið 2023 voru umtalsvert hærrí en innkoma þeirra eða ríflega tvöföld. Sjóðirnir hafa staðið undir auknum fjárútlátum í styrkveitingar vegna uppsafnaðs hagnaðar í kjölfar þeirra ferðatakmarkana sem Covid faraldurinn orsakaði. Sú geta þeirra var einöngu tímabundin og gengið hefur hratt á sjóðina eftir að Covid takmörkunum lauk og ásókn í náms- og kynnisferðir erlendis jókst á ný.

Í desember 2023 funduðu stjórnir Mannauðssjóðs Kjalar, Samlfots og KSG vegna bágrar fjárhagsstöðu sjóðanna. Niðurstaða fundarins var ákvörðun um að loka á styrkveitingar vegna ferðakostnaðar og gistingar í náms- og kynnisferðir og tók sú breyting gildi frá 24. Desember 2023.

Nánari upplýsingar um sjóðinn er að finna á heimasíðu sjóðsins

<http://mannaudssjodur.samflot.is>

Samsvarandi sjóður fyrir ríkisstarfsmenn er Þróunar og símenntunarsjóður og er heimasíða hans <https://www.kjolur.is/is/styrkir/rikisstofnanir/simenntunarsjodur>

Orlofsnefnd FOSS

Rekstur orlofssjóðs og útleiga orlofshúsa er einn af mikilvægustu þáttum í þjónustu félagsins ásamt því að bjóða upp á aðra orlofskosti s.s gistimiða á hótél, gjafabréf í flug, Veiði- og Útilegukort ásamt gjafabréfum í t.d. Kraumu, Skógarböðin og Vök. Þá á félagið og rekur 3 íbúðir og 2 sumarhúsa. Undanfarin ár hefur félagið tekið mismörg hús á leigu til framleigu til félagsmanna. Fara landsvæði eftir eftirspurn félagsmanna.

Allir félagsmenn hafa aðgang að orlofsvefnum okkar.

- Velferðarnefnd

Svala Ósk Sævarsdóttir

Starfið innan þessara nefnda er þungamiðja þess starfs sem unnið er innan BSRB þvert á öll stéttarfélag.

Þing BSRB er haldið á þriggja ára fresti

Norrænt samstarf

FOSS ásamt öðrum bæjarstarfsmannafélögum innan BSRB eru í norrænu samstarfi í samtökum sem kallast NTR Nordiske Tjenestemanns Råd.

Samtökin halda ráðstefnur á 2ja ára fresti þar sem koma saman fulltrúar frá öllum bæjarstarfsmannafélögum á norðurlöndunum að Finnlandi undanskildu. Þess á milli starfar 5 manna framkvæmdanefnd. Árið 2023 var ráðstefnan í Reykjavík og sóttu 3 stjórnarmenn FOSS ráðstefnu.

Styrktarsjóður BSRB

FOSS er aðili að Styrktarsjóði BSRB. Sjóðurinn var stofnaður samkvæmt

samkomulagi BSRB annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóða,

Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga hins vegar frá 24. október 2000.

FOSS gerðist aðili 1. janúar 2001.

Sjóðurinn greiðir m.a út sjúkradagpeninga þegar starfsmaður hefur lokið launuðum veikindarétti sínum hjá vinnuveitanda. Þetta getur einnig átt við tekjutap félagsfólks vegna umönnunar maka og barna. Allt fer þetta eftir úthlutunarreglum sjóðsins.

Sjóðurinn styrkir einnig fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði heilsuefingar og forvarnir gegn sjúkdómum.

Félagsfólk með gildandi ráðningarsamning á rétt í sjóðinn.

Upplýsingar um úthlutunarreglur sjóðsins og umsóknarferli er að finna á heimasíðu hans www.styrktarsjodur.bsrb.is



Sveitarfélag ársins

FOSS stéttarfélag stendur fyrir vali á sveitarfélagi ársins ásamt níu öðrum bæjarstarfsmannafélögum BSRB en valið byggir á niðurstöðu könnunar sem send er til starfsfólks sveitarfélaganna. Þau sveitarfélög sem fengu besta niðurstöðu voru heiðruð í athöfn í október síðastliðnun en þetta var í annað sinn sem sveitarfélag ársins er valið. Árið 2023 uppfylltu 21 sveitarfélag

skilyrði þess að komast á lista til útnefningar og fengu fjögur þeirra nafnbótina Sveitarfélag ársins 2023. Þetta eru sveitarfélögin Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Sveitarfélagið Vogar og Sveitarfélagið Skagaströnd. Þess má geta að Grímsnes – og Grafningshreppur og Bláskógabyggð hlutu einnig sömu nafnbót árið 2022.

Könnunin veitir mikilvægar upplýsingar um starfsumhverfi og stjórnun. Mælingin nær yfir fjölbreytta þætti en þannig fæst heilsteypt mynd af innra starfsumhverfi sveitarfélaganna.

Undirbúningur fyrir könnunina Sveitarfélag ársins 2024 er hafinn og hefur könnunin verið send til þátttakenda. FOSS hvetur alla sem fá könnunina senda til þess að taka þátt og leggja þannig hönd á plóg í baráttunni fyrir bættu starfsumhverfi.



Barátta kvenna og kvár

Talið er að um fjórðungur þjóðarinnar hafi svarað kalli skipuleggjenda Kvennaverfallsins og safnast saman á baráttufundum á að minnsta kosti

tuttugu stöðum allt land þann 24. október í fyrra. Enn fleiri konur og kvár lögðu niður störf, umferð var þriðjungur minni, leikskólar og aðrar menntastofnanir lokuðu, heilbrigðisþjónusta var í algjöru lágmarki, bankaútibú og búðir lokuðu dyrum sínum og svona mætti lengi telja. Þó gátu ekki allir tekið þátt sem vildu þar sem konur eru í mklum meirihluta í þjónustu í heilbrigðisgeiranum.

Það sem einkenndi daginn var gleði, kvenorka og samstaða.

Reikningar FOSS

Rekstur FOSS er með ágætum. Ávöxtun sjóða félagsins er í höndum starfsmanna og endurskoðanda félagsins.

Skoðunarmenn félagsins eru:

Rósa Sif Jónsdóttir

Svanhildur Pétursdóttir